

Sp.

17. Fyrirspurn

[17. mál]

til ríkisstjórnarinnar um íbúðarhúsabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar í Breiðholtshverfi í Reykjavík.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Hvenær hófust byggingar íbúðarhúsanna?
2. Hvenær var lokið byggingu fyrstu íbúðanna?
3. Hve margar íbúðir eru nú fullgerðar, og hve stórar eru þær íbúðir í hverjum stærðarflokki, að flatarmáli og rúmmáli?
4. Hvert er kostnaðarverð fullgerðra íbúða í hverjum stærðarflokki?
5. Hve margar íbúðir eru nú í byggingu?
6. Hve mörg tilbúin hús hefur framkvæmdanefndin flutt inn frá útlöndum, af hvaða stærð, og hvert er kostnaðarverð þeirra, hve stórar stærðar fyrir sig, uppsettra og fullfrágenginna?
7. Hversu mikið fjármagn hefur framkvæmdanefndin fengið til bygginganna, og hvaðan?